

Fjórði fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 10. mars 2011 kl. 10 við Hlíðarveg.

Fundargerð

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Kristín Anna Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ægir Örn Arnarsson fulltrúi nemenda, Rafn Svansson fulltrúi nemenda, Mundína Valdís Bjarnadóttir kennarafulltrúi, María Bjarney Leifsdóttir kennarafulltrúi, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

2. Fundargerð vinnufundar bæjarráðs með skólaráði 3. mars.

Fundarmenn lásu fundargerðina og ræddu fundarefnið. Almenn ánægja með vinnufundinn.

3. Skólaakstur í Fjallabyggð

Rætt um skólaakstur. Óánægja ríkir með það akstursfyrirkomulag sem nú gildir í Fjallabyggð. Fundarmenn samþykktu eftirfarandi ályktun sem verður send fræðslu- og menningarnefnd Fjallabyggðar.

Skólaráð Grunnskóla Fjallabyggðar skorar á bæjaryfirvöld að endurskoða rútuferðir á milli byggðarkjarnanna með það í huga að fjölga ferðum. Núverandi skipulag þjónar nemendum ágætlega á skólatíma en kemur í veg fyrir samgang þeirra þess utan.

4. Niðurstöður foreldrakönnunar 7. mars 2011

Á foreldraviðtalsdaginn var könnun lögð fyrir foreldra í 4., 7. og 10. bekk. Farið var yfir niðurstöður könnunarinnar sem verða sendar þátttakendum og birtar á heimsíðu skólans.

5. Önnur mál

Fyrirkomulag foreldraviðtala rætt.

Næsti fundur ákveðinn 7. apríl kl. 10.00 í skólahúsinu við Tjarnarstíg.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.20
Jónína Magnúsdóttir
skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar